



Jafnlaunastefna Sveitarfélagsins Skagastrandar

Stefna Sveitarfélagsins Skagastrandar er að allt starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Laun eru ákvörðuð í samræmi við kjarasamninga hverju sinni og persónubundin laun eru greidd í formi fastrarar YV sem ætlast er til að fólk vinni þegar þarf.

Sveitarfélagið leitast við að greiða laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir til starfsfólks og varða þekking og færni, álag og ábyrgð auk vinnuaðstæðna. Til að framfylgja jafnlaunastefnu skuldbindur sveitarfélagið sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnum jafnlaunakerfis í samræmi við kröfur. Sveitarfélagið hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund, öðrum ómálefnalegum ástæðum og hugskekkjum.

Ráðstafanir verði gerðar, ef með þarf, til að eyða kynbundnum launamun. Litið verði til heildargreiðslna einstaklinga, þ.m.t. greiðslur fyrir akstur, yfirvinnu, nefndarstörf, sérverkefni o.fl. í samhengi við vinnuframlag.

Markmið sveitarfélagsins er að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem launamunur kynja verði ekki vera meira en 0%.

Til að ná þessu markmiði mun sveitarfélagið:

1. Jafnlaunakerfi byggir á jafnlaunastaðlinum ÍST 85, það skal skjalfest og því viðhaldið.
2. Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólk.
3. Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti. Ef um óútskýrðan mun er að ræða skal bregðast við því eins fljótt og auðið er.
4. Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
5. Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta á fundi hlítni við lög.
6. Kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum sveitarfélagsins. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á ytri vef sveitarfélagsins.

Staðfest á fundi sveitarstjórnar 1. júlí 2022

Alexandra Jóhannesdóttir

Sveitarstjóri